

**Borgarstjórn**  
**21. mars 2017**

**Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um innleiðingu á nýju umferðarmódeli fyrir Reykjavík og aðliggjandi svæði**

Borgarstjórn samþykkir að hefja innleiðingu á fullkomnu umferðarmódeli sem mæli alla samgöngumáta hvor sem það eru einkabílar, almenningsamgöngur, hjólreiðar, gangandi umferð, fyrirhuguð borgarlína eða aðrir mögulegir samgöngumátar.

Leitað verði samstarfs við önnur sveitarfélög og Vegagerðina við kaup og innleiðingu á umferðarmódeli.

Greinargerð:

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa runnið saman í eina umferðarheild eins og fjölmörg borgarsvæði erlendis á borð við London og Stokkhólmu svo dæmi sé tekið af borgum sem láta vinna umferðarmódel. Slík vinna hefur farið fram í yfir 70 löndum. Þessar borgir hafa látið vinna fullkomið umferðarmódel fyrir alla samgöngumáta með tilliti til búsetu, atvinnu, afþreyingar og annarra samgönguþarfa borgarbúa. Á höfuðborgarsvæðinu hafa einungis tiltekin gatnamót verið sett í módel og bara fyrir akandi, það er of takmarkað miðað við þarfir vegfarenda í dag.

Metin eru áhrif mismunandi umferðarmáta, uppbyggingu nýrra hverfa, staðsetningu spítala, skóla, flugvalla og annarra plássfrekra mannvirkja sem þurfa góðar alhliða samgöngur að og frá.

Umferðarmódel er mikilvægt fyrir mat á þörf fyrir borgarlínu, Sundabraut, staðsetningu flugvallar, spítala og önnur stórvirki.

Módelið tekur til allra þátta sem vegfarendur þurfa á að halda, streymi fólks að heiman og heim án tillits til samgöngumáta.